

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur 4-2018

Tími: Föstudagur 20. apríl 2018 á Keldnaholti og í síma kl. 15:00

Mætt: Sæmundur Sveinsson, Bjarni Stefánsson, Þuríður Lillý Sigurðardóttir, Hafdís Hanna Ægisdóttir, Helena Guttormsdóttir og Eiríkur Blöndal auk Sigríðar Hallgrímsdóttur í símanum. Hilmar Janusson boðaði forföll. Guðríður Helgadóttir ritaði fundargerð. Brita Berglund kom inn á fundinn.

1. Starfsreglur Lbhí

Brita Berglund kom á fundinn til að kynna drög að starfsreglum Lbhí fyrir háskólaráði. Brita rakti ferilinn við endurskoðun starfsreglna. Reglurnar voru sendar til starfsmanna og voru athugasemdir starfsmanna jafnframt kynntar á fundinum. Haft var að leiðarljósi við endurskoðun reglnanna að þær endurspegluðu betur starfsemi skólans.

Bókun: Háskólaráð heimilar rektor að ráða framkvæmdastjóra við skólann, eftir því sem fjarheimildir leyfa. Hann væri fastráðinn og starfaði í umboði rektors.

Ákveðið var að gera hlé á yfirferð starfsreglna og halda áfram í fjarfundi miðvikudaginn 2. maí kl. 15-17.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:00.